

Skýrsla nr. 2026-014

10. júlí 2026



Skorradalsveita

Vatnsvinnsla 2025

Halldóra Guðmundsdóttir og Sigríður María Aðalsteinsdóttir

Rannsóknir og Nýsköpun

Skráningarblað skýrslna

Skýrsla nr. 2026-014	Útgáfudagur 10. júlí 2026	Útgáfustaður Reykjavík
Heiti skýrslu Skorradalsveita - Vatnsvinnsla 2025		
Upplag pdf	Fjöldi síðna 6	Dreifing Orkuveitan, Uos
Höfundur/ar Halldóra Guðmundsdóttir og Sigríður María Aðalsteinsdóttir		Verknúmer 10045724
Unnið fyrir Veitur		Samvinnuaðilar Veitur
Helstu niðurstöður þessarar vinnsluskýrslu fyrir Skorradalsveitu eru eftirfarandi: • Heildarvinnsla veitunnar fyrir árið 2025 var um 311 þúsund rúmmetrar sem er um 24% aukning miðað við meðalvinnslu síðustu 5 ára. • Heildarvinnsla veitunnar á árunum 2007-2025 er orðin rúmlega 5 milljón rúmmetra. • Vatnsborð sveiflast í takt við vinnslu en þrýstingur í jarðhitakerfinu hefur lítið breyst frá því að holan var boruð. • Breytingar á hita og efnainnihaldi eru hverfandi.		
Efnisorð Skorradalsveita, eftirlit, vinnsla, hitastig, efnainnihald		Yfirlit Bjarni Reykr Kristjánsson

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Vinnslueftirlit	1
3	Niðurstöður	4
4	Gagnaskrá	5

Myndir


Mynd 1: Yfirlitsmynd af Skorradalsveitu.....	1
Mynd 2: Árleg heildarvinnsla Skorradalsveitu árin 2007-2025.....	2
Mynd 3: Vinnsla úr holu SD-06 ásamt gögnum um vatnsborð, hita og efnainnihald.....	3

Töflur

Tafla 1: Yfirlit vinnsluholna Skorradalsveitu.....	1
Tafla 2: Árleg vinnsla úr holum Skorradalsveitu frá 2007-2025 í þúsundum rúmmetra.	5
Tafla 3: Mánaðarleg vinnsla, meðalrennsli, vatnsborð og hitastig úr holu SD-06 árið 2025.	6

1 Inngangur

Skorradalsveita tók til starfa árið 1996 en Orkuveitan tók við rekstri hennar áramótin 2006-2007. Veitan þjónar bæjum í Skorradal og sumarbústöðum í nágrenninu. Mynd 1 er yfirlitsmynd af svæði Skorradalsveitu. Allt vatn veitunnar er sótt í borholu SD-06 að Stóru Drageyri í Skorradal en hún skilaði að meðaltali rúmum 10 l/s af 96,8°C heitu vatni árið 2025. Yfirlit yfir virkjun holu SD-06 má sjá í töflu 1.



Mynd 1: Yfirlitsmynd af Skorradalsveitu.

Tafla 1: Yfirlit vinnsluholna Skorradalsveitu.

Hola	Borár	Hæð m.y.s.	Dýpi m	Fóðring m	Dæluþýpi m
SD-06	1994	95.0	836.0	150.0	82.0

2 Vinnslueftirlit


Árleg heildarvinnsla Skorradalsveitu á árunum 2007-2025 er sýnd á mynd 2. Heildarvinnslan yfir þetta tímabil var um 5 milljón rúmmetrar. Árið 2025 var heildarvinnslan 311 þúsund rúmmetrar sem er um 24% aukning miðað við meðalvinnslu síðustu 5 ára. Vorið 2022 var komið fyrir búnaði sem fjarlægði loftbólur fyrir framan rennismæli frá holunni. Við það mælist örlítið lægra rennsli en áður því loftbólurnar ýktu rennslisráðann gegnum mælinn og olli það lítilsháttar ofmati á vinnslu fyrir þann tíma.

Mánaðarleg heildarvinnsla úr holu SD-06 frá 2007-2025 er sýnd á mynd 3. Þar eru einnig sýndar vatnsborðsbreytingar í holunni og breytingar á hita og efnainnihaldi vatnsins.


Reglulega er safnað sýnum af vatni til efnagreininga úr borholu veitunnar. Sýnataka fer yfirleitt fram á fyrstu mánuðum ársins þegar álag er mest á veituna.

Hitastig vatns úr holunni hefur verið stöðugt, vatnsborð og vinnsla hafa haldist svipuð undanfarin ár. Síðasta efnasýni var safnað árið 2023 en fram að því eru ekki merkjanlegar breytingar í efnainnihaldi jarðhitavatnsins, að undanskilinni kísilgreiningu árið 2023 sem er líklega mæliskekkja. Vatnsborð sveiflast í takt við vinnslu en þrýstingur í jarðhitakerfinu hefur lítið breyst frá því að holan var boruð.

Núverandi borholudæla afkastar um 17 l/s en ekki er hægt að fullnýta getu hennar í núverandi dæludýpi. Full afkastageta dælu fæst með því að færa dæluna neðar (>12 m).



Mynd 2: Árleg heildarvinnsla Skorradalsveitu árin 2007-2025.



Mynd 3: Vinnsla úr holu SD-06 ásamt gögnum um vatnsborð, hita og efnainnihald.

3 Niðurstöður

Helstu niðurstöður þessarar vinnsluskýrslu fyrir Skorradalsveitu eru eftirfarandi:

- Heildarvinnsla veitunnar fyrir árið 2025 var um 311 þúsund rúmmetrar sem er um 24% aukning miðað við meðalvinnslu síðustu 5 ára.
- Heildarvinnsla veitunnar á árunum 2007-2025 er orðin rúmlega 5 milljón rúmmetra.
- Vatnsborð sveiflast í takt við vinnslu en þrýstingur í jarðhitakerfinu hefur lítið breyst frá því að holan var boruð.
- Breytingar á hita og efnainnihaldi eru hverfandi.

4 Gagnaskrá

Tafla 2: Árleg vinnsla úr holum Skorradalsveitu frá 2007-2025 í þúsundum rúmmetra.

Ár	SD-06	Samtals
2007	318	318
2008	295	295
2009	262	262
2010	306	306
2011	323	323
2012	342	342
2013	281	281
2014	291	291
2015	308	308
2016	296	296
2017	259	259
2018	277	277
2019	295	295
2020	259	259
2021	251	251
2022	259	259
2023	237	237
2024	244	244
2025	311	311
Samtals	5.414	5.414

Tafla 3: Mánaðarleg vinnsla, meðalrennsli, vatnsborð og hitastig úr holu SD-06 árið 2025.

Mánuður	Vinnsla þús. m ³	Meðalrennsli l/s	Vatnsborð m.y.s.	Hitastig °C
jan. 2025	23,8	8,9	32,9	96,7
feb. 2025	21,8	9,0	32,9	96,8
mar. 2025	23,7	8,8	32,9	96,7
apr. 2025	28,1	10,9	33,9	96,7
maí 2025	27,1	10,1	36,2	
jún. 2025	25,9	10,0	37,2	96,7
júl. 2025	24,4	9,1	36,7	
ágú. 2025	24,2	9,0	38,2	
sep. 2025	25,4	9,8	37,7	
okt. 2025	28,1	10,5	36,7	
nóv. 2025	28,8	11,1	35,4	97,1
des. 2025	29,9	11,2	34,7	97,0